

Kosningar geta verið margslungnar!

**Erindi Þorkels Helgasonar hjá
Aðgerðarannsóknarfélagi Íslands
fimmtudaginn mars 2012, kl. 16:30
í stofu M105 í Háskólanum í Reykjavík**

(Hér lítillega lagfært og röðun breytt)

Ágrip

- Fyrirkomulag kosninga er af mörgu taginu og ekki jafn einfalt og sjálfgefið mál og virðast kann við fyrstu sýn. Varla eru nokkur tvö kosningakerfi eins, enda ekkert einleikið í þeim efnum!
- Í erindinu verður fjallað um nokkur stærð- og reiknifræðileg viðfangsefni í þessum málaflokki. Hvernig er atkvæðafylgi umreiknað hlutfallslega í fulltrúatölu? Hvers vegna er ekki til nein gallalaus aðferð við úthlutun jöfnunarsæta? Væri það hættulegt lýðræðinu að hver kjósandi færi með tvö atkvæði? Fjallað verður um viðfangsefni og tækifæri fyrir reiknimeistara og líkanasmiði – en líka um víti til að varast.
- Í fyrirlestrinum verður einkum tekið mið af tillögum stjórnlagaráðs um stjórnarskrárramma um kosningar til Alþingis. Farið verður allítarlega í gegnum tillögurnar og kostir þeirra og gallar ræddir í stærðfræðilegu – en jafnframt í stjórnmálalegu og sögulegu ljósi.
- Erindið á að vera auðskilið að langmestu leyti, en þeim sem hafa gaman að smávægilegri stærðfræði á líka að vera skemmt.


Efnisyfirlit

- Viðfangsefnið
- Kosningar skv. stjórnlagaráði
- Um einstakar málsgreinar
- Gagnrýni og umhugsunarefni
- Verkefni
- Tækifæri til jafnaðar og aukins lýðræðis
- *Viðauki: Úthlutun nú er bundin í báða skó*

Hvað þarf að vera í kosningakerfi?

VIÐFANGSEFNIÐ

Hvað eru kosningar?



Kosningakerfi

- **Kjördæmi og/eða landskjör**
 - Einmenninguskjördæmi
 - Engilsaxar. Þjóðverjar og fleiri, hluti þingmanna
 - Fjölmennuskjördæmi
 - Norðurlönd og víðar
 - Landskjör (að auki)
 - Aðskilið kjör: Ísland 1922-33. B-tillaga stjórnlaganefndar
 - Val milli kjördæmis- og landslista: Ísland 1934-59.
 - Sérstakt atkvæði: Þýskaland og víðar, ræður þar öllu um þingstyrk
 - Norðurlönd: Jöfnunarsæti eru e.k. landskjör
- **Framboð**
 - Listar og/eða einstaklingar
 - Evrópa, listar. Engilsaxar, einstaklingar
 - Landskjör
 - Sjálfstæð framboð: Ísland 1922-33. B-tillaga stjórnlaganefndar
 - Afleiðing af kjördæmakjöri: Ísland 1934-59 (að mestu). Þýskaland og víðar (að mestu).
 - Listar raðaðir eða ekki
 - Meginreglan: Raðaðir.
 - Þó almennt ekki hjá engilsöxum. Danmörk: Að vali flokka.

Kosningakerfi (frh.)

- **Kjósandinn**

- Kjús lista

- Að jafnaði þar sem eru listar. Þó t.d. ekki í Finnlandi.

- Kjús persónur

- Annað hvort aðeins svo (Finnland, Írland, ...) eða ásamt listakjöri (þýsku fylkin).
- Merkir með krossum (algengara) eða forgangsröðun (Írland, ísl. stj.frv. 2009)
- Má velja þvert á lista (þýsku fylkin o.fl.)

- Breytir listum

- Norðurlönd, þ.m.t. Ísland: Víðast hvar gagnlítið

- **Talningaraðferð**


- Listafylgi fyrst, síðan persónufylgi

- Algengt, t.d. Ísland alla tíð

- Persónufylgi talið, listafylgi mætir afgangi

- T.d. á Írlandi.
- Og auðvitað þar sem er einmenningskjör.
- Þýskaland og víðar: Tvöfallt í roðinu

Kosningakerfismynd



39. gr. frv. stjórnlagaráðs

**KOSNINGAR SKV.
STJÓRNLAGARÁÐI**


39. gr.

1. Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.
2. Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.
3. Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta.
4. Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka.
5. Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka.
6. Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu.
7. Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.
8. Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin.
9. Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.
10. Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra.

39. gr., samantekt

1. **63 þingmenn**
2. **Jafnt vægi atkvæða**
3. **Kjördæmi 1-8**
4. **Listaframboð**
 - Listar boðnir fram í kjördæmum eða á landsvísu
 - Frambjóðandi getur bæði verið á kjördæmis og landslista
5. **Kjósandinn**
 - Tínir til einstaka frambjóðendur, jafnvel þvert á flokka
 - Eða velur lista í heilu lagi
6. **Flokkarnir fá sæti í samræmi við landsfylgi**
7. **Sætin fara til frambjóðenda í samræmi við atkvæðastyrk þeirra**
8. **Binda má 30 af sætunum 63 við kjördæmi til að tryggja þeim fulltrúa**
9. **Stuðla skal að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi**
10. **Breyting á fyrirkomulaginu kallar á 2/3 stuðning þings og má ekki gera hálfu ári fyrir kosningar**

Kjósendur og listar



„Fljótandi“ kjördæmaskipan

Kjósendur

- Kjósendur mega velja persónur af hvaða lista í sem er í þeirra kjördæmi eða af landslista
 - Þó má einskorða þetta við lista sömu samtaka
- Óráðnir kjósendur geta merkt við einn lista og þar með valið alla sem á honum eru, en aðeins þá
 - Þá teljast þeirra hafa valið alla frambjóðendur listans jafnt
- Kjósendur sjálfir ráða tölu þingsæta hvers kjördæmis!
 - Góðir frambjóðendur laða kjósendur í kjördæmið.
 - Allt eins og goðarnir fornu!

Frambjóðendur

- Hver listi er boðinn fram í kjördæmum eða á landsvísu
- Frambjóðendur skipa sér á lista. Vætanlega munu flestir bjóða sig fram á kjördæmis- og landslista
- Vætanlega í kosningalögum:
 - Lágmarksstærð lista er 2 nöfn (fyrir einn aðalmann og einn varamann).
 - Framboð (samflokka lista) mega vera með allt að 126 nöfnum alls.

Fyrirmyndir eru ýmsar: Holland, Danmörk að hluta, fylkispingskosningar í Hamborg o.s.frv.

39. gr. frv. stjórnlagaráðs

UM EINSTAKAR MÁLSGREINAR

Fyrirvari!

- **Í dæmum um kjörseðla og talningu er byggt á ímynduðum kosningalögum sem standast stjórnarkrárákvæðin**
 - Kjósandinn hefur kross og má ráðstafa þeim á fjölbreytilegan hátt
 - Með því að merkja við frambjóðendur, t.d. fimm að tölu, enda er þá hver kross ígildi 1/5 atkvæðis.
 - Eða merkja með (heilum) krossi við einn lista.
- **Þetta er samt aðeins ein útfærslugerð af mörgum mögulegum**
 - T.d. forgangs röðun (STV)

63 þingmenn: *1. mgr., 39. gr.*

**Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn,
kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.**

- **Rök fyrir óbreyttri tölu:**
 - Þingmenn fá stóraukið hlutverk

Jafnt vægi: **2. mgr., 39. gr.**

Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.

- **Grundvallaratriði!**

Kjördæmi: *3. mgr., 39. gr.*

Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta.

- **Vissulega málamiðlun**

- Margir vildu eitt landskjördæmi

- Öll kosningaákvæði yrðu þá mun einfaldari

- Kjördæmin eru núna 6, samtök sveitarfélaga eru 8

- **Tekið verður dæmi um tveggja kjördæma uppskiptingu**

- Austvesturkjördæmi (AV) og Norðursuðurkjördæmi (NS)!

Framboð og kjörseðlar: *4. mgr., 39. gr.*

Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka.

Kjörseðill í Austvesturkjördæmi (AV)			
Kjördæmiskjör			
			Z-listi íþróttamanna
			Hreiðar Árnason
			Inga Klemensdóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
	Y-listi listamanna		Z-listi íþróttamanna
	Ríkharður Gunnarsson		Anna Önnudóttir (NS)
	Heiðís Arnarsdóttir		Inga Klemensdóttir (AV)
	Sigurvin Pétursson		Þóra Ögmundardóttir
	Jakobína Ástráðsdóttir		

Hvernig á að kjósa? *1. málsl., 5. mgr., 39. gr.*

Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja.

Kjörseðill í Austvesturkjördæmi (AV)			
Kjördæmiskjör			
<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>	Z-listi íþróttamanna
<input type="checkbox"/>		<input checked="" type="checkbox"/>	Hreiðar Árnason
<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>	Inga Klemensdóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
<input type="checkbox"/>	Y-listi listamanna	<input type="checkbox"/>	Z-listi íþróttamanna
<input type="checkbox"/>	Ríkharður Gunnarsson	<input type="checkbox"/>	Anna Önnudóttir (NS)
<input type="checkbox"/>	Heiðdís Arnarsdóttir	<input type="checkbox"/>	Inga Klemensdóttir (AV)
<input type="checkbox"/>	Sigurvin Pétursson	<input checked="" type="checkbox"/>	Þóra Ögmundardóttir
<input checked="" type="checkbox"/>	Jakobína Ástráðsdóttir	<input type="checkbox"/>	

- Hér er sýnd merking með jafngildum krossum
- Heimilt væri að hafa raðtölur í staðinn: 1., 2., 3. o.s.frv. eins og í stjórnlagapingskosningunni

Listakjör: *2. málsl., 5. mgr., 39. gr.*

Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt.

Kjörseðill í Austvesturkjördæmi (AV)			
Kjördæmiskjör			
<input type="checkbox"/>		<input checked="" type="checkbox"/>	Z-listi íþróttamanna
<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>	Hreiðar Árnason
<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>	Inga Klemensdóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
<input type="checkbox"/>	Y-listi listamanna	<input type="checkbox"/>	Z-listi íþróttamanna
<input type="checkbox"/>	Ríkharður Gunnarsson	<input type="checkbox"/>	Anna Önnudóttir (NS)
<input type="checkbox"/>	Heiðdís Arnarsdóttir	<input type="checkbox"/>	Inga Klemensdóttir (AV)
<input type="checkbox"/>	Sigurvin Pétursson	<input type="checkbox"/>	Þóra Ögmundardóttir
<input type="checkbox"/>	Jakobína Ástráðsdóttir	<input type="checkbox"/>	

Hvernig á að kjósa? *3. málsl., 5. mgr., 39. gr.*

Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka.

Kjörseðill í Austvesturkjördæmi (AV)			
Kjördæmiskjör			
<input type="checkbox"/>			Z-listi íþróttamanna
<input type="checkbox"/>		<input checked="" type="checkbox"/>	Hreiðar Árnason
<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>	Inga Klemensdóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
<input type="checkbox"/>	Y-listi listamanna	<input type="checkbox"/>	Z-listi íþróttamanna
<input type="checkbox"/>	Ríkharður Gunnarsson	<input type="checkbox"/>	Anna Önnudóttir (NS)
<input type="checkbox"/>	Heiðís Arnarsdóttir	<input checked="" type="checkbox"/>	Inga Klemensdóttir (AV)
<input type="checkbox"/>	Sigurvinn Pétursson	<input type="checkbox"/>	Þóra Ögmundardóttir
<input checked="" type="checkbox"/>	Jakobína Þráðsdóttir	<input type="checkbox"/>	

Ekki má velja nema af listum einna samtaka!

- Hér er ógildur seðill ef einskorðuninni er beitt
- Þá væri þessi seðill ógildur
- Kjósandinn yrði að einskorða sig við önnur hvor samtökin
- **Í framhaldinu er gert ráð fyrir því að velja megi „þvert á flokka“**

Heildaratkvæðatala samtaka: **6. mgr., 39. gr.**

Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu.

Kjörseðill í Austvesturkjördæmi (AV)			
Kjördæmiskjör			
			Z-listi íþróttamanna
		<input checked="" type="checkbox"/>	Hreiðar Árnason
			Inga Klemensdóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
	Y-listi listamanna		Z-listi íþróttamanna
	Ríkharður Gunnarsson		Anna Önnudóttir (NS)
	Heiðís Arnarsdóttir		Inga Klemensdóttir (AV)
	Sigurvin Pétursson	<input checked="" type="checkbox"/>	Þóra Ögmundardóttir
<input checked="" type="checkbox"/>	Jakobína Ástráðsdóttir		

Kjörseðill í Austvesturkjördæmi (AV)			
Kjördæmiskjör			
		<input checked="" type="checkbox"/>	Z-listi íþróttamanna
			Hreiðar Árnason
			Inga Jónsdóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
	Y-listi listamanna		Z-listi íþróttamanna
	Ríkharður Gunnarsson		Anna Önnudóttir
	Jakobína Ástráðsdóttir		Inga Jónsdóttir (AV)

- Atkvæðabrot frambjóðenda sömu samtaka eru lögð saman
- Samtök listamanna er aðeins komin með 1/3 atkvæða af þessum tveimur seðlum, atkvæði Jakobínu.
- Samtök íþróttamanna eru komin með 1/3 (Hreiðar) + 1/3 (Þóra) af vinstri seðlinum. Auk þess 1/1 (kjördæmislistinn) af hægri seðlinum.

Úthlutun sæta til samtaka : **6. mgr., 39. gr.**

Pingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu.

- Heildaratkvæðatölurnar samtakanna tveggja eru neðst í töflunni.
 - 3.800 hjá Y og 7.300 hjá Z
- Gætu t.d. gefið Z tvö sæti en Y eitt.

Atkvæðatölur (allar skáldaðar)			
Kjördæmiskjör í Austvesturkjördæmi (AV)			
		1.200	Z-listi íþróttamanna
		700	Hreiðar Árnason
		500	Inga Klemensdóttir
Kjördæmiskjör í Norðursuðurkjördæmi (NS)			
		1.200	Z-listi íþróttamanna
		1.200	Anna Önnudóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
3.800	Y-listi listamanna	4.900	Z-listi íþróttamanna
1.800	Ríkharður Gunnarsson	3.300	Anna Önnudóttir (NS)
100	Heiðdís Arnarsdóttir	400	Inga Klemensdóttir (AV)
200	Sigurvin Pétursson	1.200	Þóra Ögmundardóttir
1.700	Jakobína Ástráðsdóttir		
Heildarfylgi			
3.800	Y samtök listamanna	7.300	Z samtök íþróttamanna
1.800	Ríkharður Gunnarsson	4.500	Anna Önnudóttir (NS)
100	Heiðdís Arnarsdóttir	700	Hreiðar Árnason (AV)
200	Sigurvin Pétursson	900	Inga Klemensdóttir (AV)
1.700	Jakobína Ástráðsdóttir	1.200	Þóra Ögmundardóttir

Atkvæði frambjóðenda: **7. mgr., 39. gr.**

Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.

Kjörseðill í Austvesturkjördæmi (AV)			
Kjördæmiskjör			
			Z-listi íþróttamanna
		<input checked="" type="checkbox"/>	Hreiðar Árnason
			Inga Klemensdóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
	Y-listi listamanna		Z-listi íþróttamanna
	Ríkharður Gunnarsson		Anna Önnudóttir (NS)
	Heiðís Arnarsdóttir		Inga Klemensdóttir (AV)
	Sigurvin Pétursson	<input checked="" type="checkbox"/>	Þóra Ögmundardóttir
<input checked="" type="checkbox"/>	Jakobína Ástráðsdóttir		

Kjörseðill í Austvesturkjördæmi (AV)			
Kjördæmiskjör			
		<input checked="" type="checkbox"/>	Z-listi íþróttamanna
			Hreiðar Árnason
			Inga Klemensdóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
	Y-listi listamanna		Z-listi íþróttamanna
	Ríkharður Gunnarsson		Anna Önnudóttir (NS)
	Heiðís Arnarsdóttir		Inga Klemensdóttir (AV)
	Sigurvin Pétursson		Þóra Ögmundardóttir
	Jakobína Ástráðsdóttir		

- Hreiðar er kominn með $1/3 + 1/2$ atkvæða af þessum tveimur seðlum
- Inga hefur fengið $1/2$ atkvæði af hægri seðlinum
- Þóra og Jakobína hafa $1/3$ atkvæðis hvor af seðlinum vinstra megin
- *Ef notaðar eru raðtölur er uppgjörið með öðrum hætti! (T.d. STV)*

Úthlutun sæta til frambjóðenda: **7. mgr., 39. gr.**

Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.

- Eina sæti Y-samtakanna fer til Ríkharðs út á 1.800 atkvæði hans.
- Fyrra sæti Z-samtakanna fer til Önnu enda hefur hún heil 4.500 atkvæði.
- Seinna sæti Z-samtakanna fer til Þóru sem hefur 1.200 atkvæði.
- Jakobína fær ekki sæti þótt hún hafi fleiri atkvæði en Þóra!

Atkvæðatölur (allar skáldaðar)			
Kjördæmiskjör í Austvesturkjördæmi (AV)			
		1.200	Z-listi íþróttamanna
		700	Hreiðar Árnason
		500	Inga Klemensdóttir
Kjördæmiskjör í Norðursuðurkjördæmi (NS)			
		1.200	Z-listi íþróttamanna
		1.200	Anna Önnudóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
3.800	Y-listi listamanna	4.900	Z-listi íþróttamanna
1.800	Ríkharður Gunnarsson	3.300	Anna Önnudóttir (NS)
100	Heiðís Arnarsdóttir	400	Inga Klemensdóttir (AV)
200	Sigurvin Pétursson	1.200	Þóra Ögmundardóttir
1.700	Jakobína Ástráðsdóttir		
Heildarfylgi			
3.800	Y samtök listamanna	7.300	Z samtök íþróttamanna
1.800	Ríkharður Gunnarsson	4.500	Anna Önnudóttir (NS)
100	Heiðís Arnarsdóttir	700	Hreiðar Árnason (AV)
200	Sigurvin Pétursson	900	Inga Klemensdóttir (AV)
1.700	Jakobína Ástráðsdóttir	1.200	Þóra Ögmundardóttir

Kjördæmavörn: *1. málsl. 8. mgr., 39. gr.*

Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, ...

- Segjum t.d. að af þessum sökum verði Z-listinn í AV-kjördæmi að fylla eitt af bundnu sætum þess.
- Þóra fengi þá ekki sæti, þar sem hún var ekki í boði í kjördæminu.
- Ætti það að vera Hreiðar, sem fær fleiri kjördæmisatkvæði, eða Inga sem hefur fleiri í heild? (Sjá guluðu tölurnar)
- Taka verður af skarið í kosningalögum.
 - Það er raunar gert í skýringardæmi með frv.

Atkvæðatölur (allar skáldaðar)			
Kjördæmiskjör í Austvesturkjördæmi (AV)			
		1.200	Z-listi ípróttamanna
		700	Hreiðar Árnason
		500	Inga Klemensdóttir
Kjördæmiskjör í Norðursuðurkjördæmi (NS)			
		1.200	Z-listi ípróttamanna
		1.200	Anna Önnudóttir
Landskjör (kjördæmi innan sviga ef við á)			
3.800	Y-listi listamanna	4.900	Z-listi ípróttamanna
1.800	Ríkharður Gunnarsson	3.300	Anna Önnudóttir (NS)
100	Heiðís Arnarsdóttir	400	Inga Klemensdóttir (AV)
200	Sigurvin Pétursson	1.200	Þóra Ögmundardóttir
1.700	Jakobína Ástráðsdóttir		
Heildarfylgi			
3.800	Y samtök listamanna	7.300	Z samtök ípróttamanna
1.800	Ríkharður Gunnarsson	4.500	Anna Önnudóttir (NS)
100	Heiðís Arnarsdóttir	700	Hreiðar Árnason (AV)
200	Sigurvin Pétursson	900	Inga Klemensdóttir (AV)
1.700	Jakobína Ástráðsdóttir	1.200	Þóra Ögmundardóttir

Kynjajöfnuður: *9. mgr., 39. gr.*

Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.

- **Mætti gera á ýmsa vegu:**

- Kvaðir um að á móta margar konur og karlar séu á listum.
- Fyrirskipa fléttuppstillingu.
- O.s.frv.

Um lagabreytingar: *10. mgr., 39. gr.*

Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $2/3$ atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra.

- Breytingar eru langleiðina ígildi stjórnarskrárbreytinga!
- Ekki má breyta á elleftu stundu.

39. gr. frv. stjórnlagaráðs

**GAGNRÝNI OG
UMHUGSUNAREFNI**

„Allt of mikil og flókin breyting“

- **Sama er alltaf sagt**


- T.d. þegar hlutfallskosning var innleidd 1904
 - Þá var tekin upp d'Hondtsregla. Sumum þótti þá regla stærstu leifa mun betri.
 - 1987 voru viðhorfin á hinn veginn; d'Hondtsregla var hið „gamla góða“!
- Einnig þegar kjördæmaskipan var gjörbreytt 1959
- Líka þegar fyrirkomulaginu í Hamborg var gjörbylt að frumkvæði kjósenda fyrir skömmu
- „Gamla“ kerfið er alltaf það besta!

- **B-dæmi stjórnlaganefndar er meiri bylting**

- 30 sérkjörnir landsþingmenn (lávarðadeild?)
- 30 þingmenn í ein- eða tvímenningskjördæmum
 - Reyndar sagt vera 12 ein- eða tvímenningskjördæmi.
 - Gengur ekki upp þar sem $2 \times 12 = 24 < 30$!

Flókið? Ítarlegt?

Umfang ákvæða um kosningar í stjórnarskrám



Samspil stjórnarskrárákv. og kosningalaga

- **Umfang kosningaákvæða**

<i>Þús. stafa</i>	Ísland	Noregur
Stjórnarskrárákv.	1,5	4,6
Kosningalög	65	37
Samtals	67	52

Norsku lögin innfela allar kosningar, ekki aðeins þingkosningar

- **Íslensk hefð**

- Kosningalög samin fyrst, stjórnarskrárákv. á eftir
 - Skilin þar á milli hafa því vart skipt máli.

- **Sérvandi nú**

- Stjórnarskrárákvæði er nú samin án kosningalaga
 - Enda ekki annað hægt
- Fyrstu kosningalögum verður síðan erfitt að breyta
 - Kallar á samþykki 2/3 þings.

Hverju mætti sleppa?

- **Ákvæði um lista?** (96 stafir!)
 - Hugsanlega að hafa ákvæðið „Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka“ í kosningalögum. En það gæti eyðilagt landkjörið.
- **Valfrelsi kjósandans?** (304 stafir)
 - Persónukjör er lykilákvæði. Stjórnlagaráð vildi tryggja það.
 - Ef kjósendur treysta þingi eftir næstu kosningar til að þrengja valfrelsið ekki um of, þá mætti stytta talsvert. Er þetta ekki of tengt „hagsmunum“ þingmanna til að hafa það í kosningalögum?
- **Binding sæta við kjördæmi?** (188 stafir)
 - Talið nauðsynlegt öryggi.
- **Kynjajöfnuður?** (91 stafur)
 - Sumum finnst það mega hverfa!
- **Talin upp 679 af 2263 orðum sem hugsanlega mætti fjarlægja úr stj.skr.**
 - En þar með hverfa mikilvæg ákvæði þar sem stjórnarskrárgjafinn, þjóðin, yrði að treysta á næsta þing.
 - Vilja menn taka áhættuna? Segi nei.
 - Sveigjanleikinn eykst lítið sakir ákvæða um 2/3 samþykki.

Flókið samspil kjördæmis- og landskjörs?

- **Hvað er svona flókið?**

- Íslensk reynsla

- Árabilið allt frá 1922-59
- Voru kjósendur gáfaðari þá?

- Erlend reynsla

- T.d. vafðist þetta ekki fyrir milljón kjósendum í Hamborg í fyrra.

- **Er það besta af tvennu**

- Var upphaflega málamiðlun

- En ráðsmenn sáu að samspilið náði því besta af tvennu:

- Landsábyrgð
- Byggðavörn

- **„Svona ákvæði eiga heima í lögum, ekki stjórnarskrár“**

- Er þetta ekki einmitt kross sem þingið á ekki að bera?

Ógnvekjandi kjörseðill?

- **Nöfn geta – en þurfa ekki – að vera mörg**
 - Fræðilega 126 hjá hverjum flokki
 - Landslisti kynni að hafa svona mörg nöfn.
 - Framboðin munu fljótt átta sig á því að betra er að hafa færri nöfn á lista.
 - Svo mætti ákveða í kosningalögum að aðeins tiltekin fjöldi nafna (að vali framboðs) væri birtur á kjörseðli, en reitir hafðir fyrir númer annarra frambjóðenda (sbr. stjórnlagagæpingskosninguna).
- **Mjög víða er langur listi**
 - Í Hamborg var „kjörseðillinn“ allt að 32 bls. bók (reyndar tvær slíkar!)
 - Sýnd er ein síða, dugir hálfum lista.

- 4 -

1 CDU	
Gesamtliste - CDU	○ ○ ○ ○ ○
Kandidatinnen und Kandidaten - CDU	
1 Ahlhaus, Christoph, 1969, Erster Bürgermeister	○ ○ ○ ○ ○
2 Schira, Frank-Thorsten, 1964, Kfm. Angestellter	○ ○ ○ ○ ○
3 Spethmann-Berssenbrügge, Viviane, 1967, Rechtsanwältin	○ ○ ○ ○ ○
4 Rook, Hans-Detlef, 1946, Berufsakad. a. D.	○ ○ ○ ○ ○
5 Scheuerl, Dr. Walter, 1961, Rechtsanwalt	○ ○ ○ ○ ○
6 Ploeg, Wolfhard, 1942, Reichspfleger	○ ○ ○ ○ ○
7 Föckling, Dr. Friederike, 1964, Historikerin	○ ○ ○ ○ ○
8 de Vries, Christoph, 1974, wissenschaftl. Angestellter	○ ○ ○ ○ ○
9 Krüger, Harald, 1957, Geschäftsführer	○ ○ ○ ○ ○
10 Wersich, Dietrich, 1964, Arzt/Senator	○ ○ ○ ○ ○
11 Beuß, Wolfgang, 1954, Studentendirektor	○ ○ ○ ○ ○
12 Freistedt, Marino, 1954, Oberschulrat i.K.	○ ○ ○ ○ ○
13 Koop, Karen, 1944, Stabsreferentin LR	○ ○ ○ ○ ○
14 Westenberger, Michael, 1968, Jurist	○ ○ ○ ○ ○
15 Martens, Brigitta, 1961, Juristin	○ ○ ○ ○ ○
16 von Frankenberg und Proschlitz, Jobst-Egbert, 1967, Lehrer	○ ○ ○ ○ ○
17 Seelmaecker, Richard, 1973, Rechtsanwalt	○ ○ ○ ○ ○
18 Ovens, Carsten, 1961, Kfm. Angestellter	○ ○ ○ ○ ○
19 Wenzel, Peter, 1963, Stabsrat Wirtschaftsbehörde	○ ○ ○ ○ ○
20 Dietrich, Lars, 1968, Dipl.-Volkswirt; Referent für Sport	○ ○ ○ ○ ○
21 Stemann, Hjalmar, 1963, Unternehmer / Bezirkshandwerksmeister	○ ○ ○ ○ ○
22 Grapengeter, Jens, 1967, Beamter	○ ○ ○ ○ ○
23 Folkers, Claudia, 1960, Soziologin	○ ○ ○ ○ ○
24 Goldberg, Thies, 1962, Kaufmann	○ ○ ○ ○ ○
25 Westtiner, Monika, 1945, Dipl. Übersetzerin	○ ○ ○ ○ ○
26 Trepoll, André, 1977, Junsi	○ ○ ○ ○ ○
27 Meyer-Kalser, Marita, 1954, Geschäftsführerin	○ ○ ○ ○ ○
28 Marx, Dirk, 1965, Kaufmann	○ ○ ○ ○ ○
29 Frommann, Jörn, 1967, Dipl. Kaufmann	○ ○ ○ ○ ○
30 Kukuk, Axel, 1961, Soldat auf Zeit	○ ○ ○ ○ ○

Er skipting atkvæða stórhættuleg?

- **Er afleiðing af persónukjöri þvert á lista**
 - Þykir sjálfsagt annars staðar, t.d. í sveitarstjórnarkosningum í Noregi skiptast atkvæði greidd mönnum á fleiri en einumm lista án þess að þess sé sérstaklega getið í kosningalögum.
- **Ofangreindu hefur verið haldið fram**
 - Af þessum sökum muni stöðugleiki í stjórnámum verða óbærilegur
 - Reynslan í Hamborg var önnur!
 - Þá hefði líka orðið ópolandi stöðugleiki við útvíkkun kosningarréttar 1915-20
- **Verkefni handa reiknimönnum**
 - Búa til líkan til prófunar á þessari kenningu
 - Tveir flokkar nægja
 - Hver kjósandi með eitt eða tvö atkvæði dugar líka

Fá flokkarnir engu að ráða?

- **Sagt er að verið sé að eyðileggja flokkakerfið**
 - Þeir halda að fullu gildi sínu, en kjósendur þurfa ekki lengur að taka kyngja frambjóðendum þeirra þegjandi og hljóðalaust!
- **Flokkarnir bjóða áfram fram lista**
 - Hafa fullt frelsi til þess
 - Engin fyrirmæli um hvernig það skuli gert
 - Listar mega vera í leiðbeinandi röð
- **En merking við lista hefur ekki áhrif á röðunina**
 - Mikið rétt, enda meðvitað af hálfu stjórnlagaráðs
 - Sé kallað eftir málamiðlun liggur beinast við leyfa hverju framboði (flokki) að ráða hvort eða í hvað mæli forröðunin skuli hafa vægi

Handa reknimeisturum!

VERKEFNI

Reiknifræðileg verkefni

- **Aðferð til að úthluta jöfnunarætum því sem næst „best“**
 - „Forskotsaðferð“ ÞH kemst nálægt því
 - En gera má betur!
- **Hvernig má tryggja flokkajöfnuð í STV-aðferðinni?**
 - Vandinn er hvað á að gera við ófæranleg atkvæði
 - Vegna of stuttrar röðunar
 - Hef þanka þar um!
- **Líkan af skiptingu atkvæða**
 - Sjá fyrri síðu
- **Hermun kosninga**
 - Að jafnaði eru ný kosningaákvæði prófuð á fyrri kosningaúrslitum
 - Það er afleit aðferð
 - Búa þarf til „úrslit“
 - Guðmundur Guðmundsson, tölfræðingur er með gott upplagg

Eru hægt að reikna samþykki við stjórnarskrána nýju?

- „Ég er almennt ánægð(ur) með plaggið en algerlega á móti ákvæði X og mun því greiða atkv. gegn öllu skjalinu nema því verði breytt“
 - Ef margir hugsa svona gæti stjórnarskráin fallið.
 - Allir hafa amk. eitt atriði sem þeir eru óánægðir með.
 - Búa til líkan af þessu!
- **Ráðgefandi þjóðaratkvæði um umdeild atriði**
 - Segjum að það séu 5 svona atriði.
 - Boðið verði upp á einn valkost við hvert þeirra en um leið spurt:
 - „Ef sá kostur sem ég valdi verður ofan á mun ég styðja frumvarpið í heild. Já eða nei?“
 - Segjum svo að um hvert atriðanna verði valinn sá kostur sem hlýtur meirihluta.
 - Eru nú meiri líkur á að sátt verði um plaggið í heild?
 - Búa til líkan af þessu!

Nú er að stökkva eða hrökkva!

**TÆKIFÆRI TIL JAFNAÐAR OG
AUKINS LÝÐRÆÐIS**

Kostir hugmynda stjórnlagaráðs

- Fullur jöfnuður atkvæðisréttar
- Landið eitt kjördæmi um leið og gætt er byggðasjónarmiða
- Persónukjör með miklu valfrelsi kjósenda – en líka má kjósa flokka

Hvers vegna svona erfitt og flókið?

***VIÐAUKI: ÚTHLUTUN NÚ ER
BUNDIN Í BÁÐA SKÓ***

Viðfangsefni úthlutunar (kosningar 2003)

*er að fylla út í töfluna
þannig að summur lóðrétt og lárétt séu réttar*

*um leið og úthlutunin sé í sem bestu "hlutfalli" við atkvæði greidd einstökum
listum*

<i>Listabókstafur:</i>	B	D	F	I	S	V	Alls
Norðvesturkjördæmi							9
Norðausturkjördæmi							10
Suðurkjördæmi			?				10
Suðvesturkjördæmi							12
Reykjavíkurborg suður							11
Reykjavíkurborg norður							11
Heildartala þingsæta	7	25	4	-	18	9	63

Ámóta viðfangsefni koma víða við sögu!

Atkvæði í kosningum 2003

Atkvæði að baki þingsæti											
Kjördæmi	B	D	F	N	S	T	U	Gild	Lágmark	Hámark	Hlutfall
Norðvestur	2 029	1 844	1 333		2 173		1 987	1 871	1 333	2 173	1,6
Norðaustur	1 931	2 772			2 752		1 665	2 356	1 665	2 772	1,7
Suður	2 967	2 436	2 188		1 857			2 503	1 857	2 967	1,6
Suðvestur	6 387	3 291	2 890		3 507			3 894	2 890	6 387	2,2
Reykjavík suður	4 185	2 806			3 072		3 438	3 354	2 806	4 185	1,5
Reykjavík norður	2 100	3 208			3 278		3 537	3 286	2 100	3 537	1,7
Landið allt	2 707	2 805	3 381		2 835		3 226	2 907	2 707	3 381	1,2
Lágmark	1 931	1 844	1 333		1 857		1 665	1 871	1 333		
Hámark	6 387	3 291	2 890		3 507		3 537	3 894		6 387	
Hlutfall	3,3	1,8	2,2		1,9		2,1	2,1			4,8

Kröfur til “gæðalausnar”

- **Kjörfylgi og þingfylgi haldist í hendur**
 - Listi skal aldrei tapa sætum á því að auka fylgi sitt.
 - Og öfugt, minnki fylgið.
- **Innra samræmi aðferðarinnar**
 - Endurúthlutun í nokkrum kjördæmum og þá hugsanlega ekki allir flokkarnir með í leik.
 - Sæti þeirra lista eða kjördæma, sem endurúthlutunin snertir ekki eru óhreyfð.
 - Endurúthlutun skal ekki nú breyta neina frá hinni upphaflegu úthlutun.
- **Grunnkröfur**
 - Nokkrar einfaldar, rökfræðilegar kröfur sem vart ættu að vera umdeilanlegar.

Hvernig verður þá best úthlutað?

- **Sannað hefur verið**
 - að það er að það er aðeins til „ein“ lausn, „ein“ aðferð sem leysir vandann og virðir allar gæðakröfur
- **Hver er hún?**
 - Sætunum skal úthluta þannig að heildarmargfeldi atkvæða að baki þingsætum sé í hámarki
 - Stærðfræðilega einfalt og skýrt markmið
 - Stuttur lagatexti

Úthlutun 2003

Tilraun með breytta úthlutun

í Suðurkjördæmi og Reykjavíkurborgkjördæmi norður

<i>Listabókstafur:</i>	B	D	F	N	S	T	U	Alls
Norðvesturkjördæmi	2	3	2	-	2	-	1	10
Norðausturkjördæmi	4	2	-	-	2	-	2	10
Suðurkjördæmi	2+1	3	1	-	4-1	-	-	10
Suðvesturkjördæmi	1	5	1	-	4	-	-	11
Reykjavíkurborgkjördæmi suður	1	5	-	-	4	-	1	11
Reykjavíkurborgkjördæmi norður	2-1	4	-	-	4+1	-	1	11
Heildartala þingsæta	12	22	4	-	20	-	5	63

Kosningarnar 2003

Tilraun með breytingu á úthlutun

Litaðar tölur sýna atkvæði að baki sæti; grænar vísa til þeirra lista sem fá viðbótarsæti og gular til þeirra sem eru látnir missa sæti

	Úthlutun skv. lögnum		Breytt úthlutun		Hlutfallsleg stækkun atkvæðamargfeldisins við breytinguna:
<i>Listabókstafur:</i>	B	S	B	S	
Suðurkjördæmi	2.967	1.857	1.978	2.475	
Reykjavíkurborg	2.100	3.278	4.199	2.622	
Margfeldi reitanna fjögurra	37.902.781.266.699		53.906.177.801.528		42%

Um höfund

Þorkell Helgason hefur starfað sem prófessor við Háskóla Íslands, ráðuneytistjóri og orkumálastjóri. Jafnhliða hefur hann verið ráðgjafi stjórnvalda um kosningamálefni í þrjá áratugi. Hann var kosinn til stjórnlagabings og var síðan fulltrúi í stjórnlagaráði sem skilaði frumvarpi að stjórnarskrá á s.l. sumri og hefur nú verið kallað saman á ný. Þorkell sat í þeirri nefnd ráðsins sem fjallaði um fyrirkomulag kosninga.